

Skólanámskrá

Bekkur: 7. bekkur

Námsgrein: Íslenska

Ábyrgð



Virðing

Vinátta

Námsflokkur	Hæfniviðmið Að nemandi geti:	Kennslufyrirkomulag leiðir að viðmiðum	Námsefni	Námsmat
Talað mál, hlustun og áhorf	<ul style="list-style-type: none"> tjáð sig skýrt og áheyrilega. getur gert grein fyrir gildi góðrar framsagnar. getur haldið athygli áheyrenda, m.a. með aðstoð leikrænar tjáningar. tjáð eigin skoðanir og tilfinningar. tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum. hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum. nýtt sér myndefni og rafrænt efni á gagnrýninn hátt. átt góð samskipti og gætt tungu sinnar. geti hlustað. sýnt viðeigandi kurteisi. 	<p>Innlögn. Verkefnavinna. Hópavinna. Einstaklingsvinna. Vinna í kennslubókum. Skapandi starf. Samvinna. Gagnvirk vinna á vef. Vinna á spjaldtölvum. Áhugasviðsvinna. Útikennsla.</p>	<p>Ýmsar kennslubækur. Rafræn verkefni. Heimildir af veraldarvefnum. Ljósrit. Bækur af bókasafni. Dagblöð og tímarit.</p>	<p>Próf. Sjálfsmat. Símat. Foreldramat. Matskvarðinn sem notaður er, er í bókstöfum: A, B+, B, C+, C og D.</p>

<p>Lestur og bókmenntir</p>	<ul style="list-style-type: none">• valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju.• aflað upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni.• unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna.• lagt nokkurt mat á gildi og trúverðugleika upplýsinga sem aflað er.• beitt nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rím, ljóðstafi, hrynjandi, líkingar og boðskap.• þekkt og skilið bókmenntafræðileg hugtök til að efla skilning, svo sem tíma, sjónarhorni, sögusviði og boðskap.• lesið gamlar bókmenntir m.a. þjóðsögur og ljóð.• lesið nýjar bókmenntir sem ætlaðar eru unglíngum.• lesið texta við hæfi með góðum hraða og skilið hann.• getur lagt mat á það sem lesið er og túlkað.• notað fyrrum þekkingu og reynslu sína við að skilja það sem lesið er.• greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð.• lesið sér til ánægju.• lesið sér til fróðleiks			
--	---	--	--	--

<p>Ritun</p>	<ul style="list-style-type: none"> • skrifað læsilega • skrifað af öryggi • notað orðabækur • skipulagt og orðað texta sem hæfir tilefni. • samið texta þar sem beitt er eigin sköpun. • beitt helstu atriðum stafsetningar – og greinamerkjasetningar. • skrifað á tölvu og beitt nokkrum atriðum í ritvinnslu, vísað til heimilda. • skrifað texta og kynnt eða leyft öðrum að lesa. 			
<p>Málfræði</p>	<ul style="list-style-type: none"> • notað fjölbreyttan orðaforða. • nýtt sér málfræðikunnáttu sína við orðmyndun, tal og ritun. • þekkt helstu einkenni og hlutverk sagnorða. • þekkt helstu einkenni og hlutverk óbeygjanlegra orða. • þekkt helstu einkenni og hlutverk fallorða. • þekkt orðtök og málshætti í töluðu og rituðu máli. • beitt þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar. 			

Skólanámskrá

Bekkur: 7. bekkur

Námsgrein: Stærðfræði

Ábyrgð



Virðing

Vinátta

Námsflokkur	Hæfniviðmið Að nemandi geti:	Kennslufyrirkomulag leiðir að viðmiðum	Námsefni	Námsmat
Að geta spurt og svarað með stærðfræði	<ul style="list-style-type: none"> spurt, tjáð sig munnlega um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði. spurt, tjáð sig skriflega um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði. haft innsýn í hvers konar svara má vænta við spurningum sem eru einkennandi fyrir stærðfræði. leyst stærðfræðiþrautir um viðfangsefni sem gefa tækifæri til að beita innsæi, eigin túlkun og framsetningu, byggða á fyrri reynslu og þekkingu. sett fram, meðhöndlað, túlkað og greint einföld reiknilíkön sem tengjast umhverfi hans og daglegu lífi. sett fram, meðhöndlað, túlkað og greint teikningar sem tengjast umhverfi hans og daglegu lífi. 	<p>Innlögn. Verkefnavinna. Hópavinna. Einstaklingsvinna. Vinna í kennslubókum. Skapandi starf. Samvinna. Gagnvirk vinna á vef. Vinna á spjaldtölvum. Áhugasviðsvinna. Útikennsla.</p>	<p>Ýmsar kennslubækur. Rafræn verkefni. Heimildir af veraldarvefnum. STEM-verkefni. Ljósrit. Bækur af bókasafni. Dagblöð og tímarit.</p>	<p>Próf. Sjálfsmat. Símat. Foreldramat.</p> <p>Matskvarðinn sem notaður er, er í bókstöfum: A, B+, B, C+, C og D.</p>

	<ul style="list-style-type: none"> • sett fram, meðhöndlað, túlkað og greint myndrit sem tengjast umhverfi hans og daglegu lífi. • sett fram óformleg og einföld, formleg stærðfræðileg rök, skilið og metið munnlegar og skriflegar röksemdir sem settar eru fram af öðrum. 			
<p><i>Kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar</i></p>	<ul style="list-style-type: none"> • notað óformlega framsetningu annars vegar og táknmál stærðfræðinnar hins vegar og sýnt að hann skilur innbyrðis tengsl þeirra. • túlkað og notað einföld stærðfræðitákn, þar með talið breytur og einfaldar formúlur, túlkað milli táknmáls og daglegs máls. • sett sig inn í og tjáð sig munnlega um ólíkar leiðir við lausnir stærðfræðiverkefna. • sett sig inn í og tjáð sig skriflega, um ólíkar leiðir við lausnir stærðfræðiverkefna. • valið og notað hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu, vasareikna og tölvur, til rannsókna á stærðfræðilegum viðfangsefnum. 			

<p>Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar</p>	<ul style="list-style-type: none"> • tekið þátt í að þróa fjölbreyttar lausnaleyðir, með því m.a. að nota skráningu með tölum, texta og teikningum. • rannsakað, sett fram á skipulegan hátt og rökrætt stærðfræðilega, með því m.a. að nota hlutbundin gögn, skráningu og upplýsingatækni. • lesið einfaldan, fræðilegan texta og notað upplýsingar þar sem stærðfræðihugtök koma fyrir. • unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna, þar sem byggt er á ólíkum forsendum og hugmyndum nemenda. • þekkt helstu hugtök um fjármál og geti tekist á við verkefni úr umhverfinu eða samfélaginu, þar sem þarf að afla upplýsinga, vinna úr þeim og finna lausn. 			
<p>Tölur og reikningur</p>	<ul style="list-style-type: none"> • notað tugkerfishátt og sýnt að hann getur sundurgreint sætiskerfi t.d. hundruð, tugir, eining, tíundahluta og hundraðshluta. • skráð hlutföll á ólíka vegu. • skráð brot á ólíka vegu t.d. jafngild brot. 			

- | | | | | |
|--|--|--|--|--|
| | <ul style="list-style-type: none">• sýnt fram á að hann skilur sambandið milli almennra brota, tugabrota og prósentu.• reiknað á hlutbundinn hátt með ræðum tölum.• reiknað á óhlutbundinn hátt með ræðum tölum.• tekið þátt í að þróa hentugar aðferðir við reikning með ræðum tölum sem byggja á eigin skilningi.• leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugarreikningi.• leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi með vasareikni.• leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi með tölvuforritum.• leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi með skriflegum útreikningum.• notað almenn brot við útreikninga á daglegum viðfangsefnum.• nota tugabrot við útreikninga á daglegum viðfangsefnum.• nota prósentur við útreikninga á daglegum viðfangsefnum.• nýtt sér samhengi og tengsl reikniaðgerðanna.• notað algengar reiknireglur, s.s. víxlreglu, tengireglu og dreifireglu. | | | |
|--|--|--|--|--|

<p>Algebra</p>	<ul style="list-style-type: none"> • rannsakað og sett fram talnamynstur á skipulegan hátt. • unnið með regluleika í rúmfræði, lýst mynstrum og venslum með tölum, myndum, orðum og táknmáli algebrunar. • notað bókstafi fyrir óþekktar stærðir í einföldum stæðum. • notað bókstafi fyrir óþekktar stærðir í einföldum jöfnum. • fundið lausnir á jöfnum með óformlegum aðferðum, þ.e. notað víxlreglu, tengireglu og dreifireglu við reikning, bæði í huga og á blaði. • fundið lausnir á ójöfnum með óformlegum aðferðum. • notað hnitakerfi til að tjá og leysa rúmfræðileg verkefni. • tengt tölur og útreikninga við flatarmyndir. • tengt tölur og útreikninga við þrívíða hluti. 			
<p>Tölfræði og líkindi</p>	<ul style="list-style-type: none"> • safnað og unnið úr gögnum. • miðlað upplýsingum um gögn, m.a. með töflum og myndritum. • gert einfaldar tölfræðirannsóknir og dregið einfaldar ályktanir af þeim. • sótt gögn í gagnabanka. • lesið, útskýrt og túlkað gögn. 			

	<ul style="list-style-type: none"> • lesið, útskýrt og túlkað upplýsingar sem gefnar eru í töflum og myndritum. • dregið ályktanir um líkur út frá eigin tilraunum og borið saman við fræðilegar líkur. • reiknað út líkur í einföldum tilvikum. 			
<p>Rúmfræði og mælingar</p>	<ul style="list-style-type: none"> • notað hugtök og aðferðir rúmfræðinnar til að útskýra hversdagsleg og fræðileg fyrirbrigði. • rannsakað og greint tvívíð form. • rannsakað og greint þrívíð form. • teiknað einfaldar flatarmyndir. • teiknað einfaldar þrívíddarmyndir. • speglað, snúið og hliðrað flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum sem þekja flötinn. • notað mælikvarða og einslögun í tengslum við teikningar. • áætlað ummál í raunverulegum aðstæðum. • áætlað flatarmál í raunverulegum aðstæðum. • áætlað rúmmál í raunverulegum aðstæðum. • rannsakað aðferðir til að reikna ummál, flatarmál og rúmmál. • áætlað og mælt horn með viðeigandi mælikvarða. 			

	<ul style="list-style-type: none">• áætlað og mælt þyngd með viðeigandi mælikvarða.• áætlað og mælt tíma með viðeigandi mælikvarða.• áætlað og mælt hitastig með viðeigandi mælikvarða.• dregið ályktanir af mælingum.• rannsakað og gert tilraunir í rúmfræði með því að nota tölvur og hlutbundin gögn.			
--	---	--	--	--

Skólanámskrá

Bekkur: 7. bekkur

Námsgrein: Samfélagsgreinar

Lífsleikni og umferðarfræðsla

Ábyrgð



Virðing

Velliðan

Námsflokkur	Hæfniviðmið Að nemandi geti:	Kennslufyrirkomulag leiðir að viðmiðum	Námsefni	Námsmat
Reynsluheimur Umhverfi, samfélag, saga og menning: Hæfni nemanda til að skilja veruleikann	<ul style="list-style-type: none"> sýnt fram á skilning á mikilvægum gildum, svo sem kærleika, mannhelgi, félagslegu réttlæti, umhyggju fyrir öðrum mönnum og öllu lífi. fylgt ferli orsaka og afleiðinga af gerðum manna og bent á leiðir til úrbóta. aflað sér, metið og hagnýtt upplýsingar um menningar- og samfélagsmálefni í margvíslegum gögnum og miðlum. notað mikilvæg hugtök til að fjalla um menningar- og samfélagsmálefni. áttað sig á hvernig loftslag og gróðurfar hafa áhrif á búsetu og lífsskilyrði. 	<p>Innlögn. Verkefnavinna. Hópavinna. Einstaklingsvinna. Vinna í kennslubókum. Skapandi starf. Samvinna. Gagnvirk vinna á vef. Vinna á spjaldtölvum. Áhugasviðsvinna. Útikennsla.</p>	<p>Ýmsar kennslubækur. Rafræn verkefni. Heimildir af veraldarvefnum. Ljósrit. Bækur af bókasafni. Dagblöð og tímarit.</p>	<p>Próf. Sjálfsmat. Símat. Foreldramat. Matskvarðinn sem notaður er, er í bókstöfum: A, B+, B, C+, C og D.</p>

	<ul style="list-style-type: none">• lýst með dæmum áhrifum tækni og mannlegra athafna á samfélag og umhverfi.• gert sér grein fyrir nýtingu og vernd auðlinda og umhverfis, hvernig hver einstaklingur getur lagt sitt af mörkum til verndar.• notað kort og gröf til að afla sér upplýsinga.• metið heimildir og ólík sjónarhorn í umfjöllun um sögu og samtíð.• velt fyrir sér ýmsum þáttum sem sagan hefur mótast af, svo sem umhverfi, samfélagsskipulagi og þjóðfélagsshreyfingum.• lýst einkennum og þróun íslensks þjóðfélags og tekið dæmi um mikilvæga áhrifaþætti.• lýst margbreytileika helstu trúarbragða og lífsviðhorfa og áhrifum þeirra á líf fólks (7.bekkur hindú og búddha).• rætt viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og sett í samhengi við atburði daglegs lífs (7.bekkur hindú og búddismi).• gert grein fyrir völdum frá sögnum, hefðum, hátíðum, siðum og táknum í kristni og nokkrum helstu trúarbrögðum			
--	---	--	--	--

	<p>heims (7.bekkur hindú og búddismi).</p> <ul style="list-style-type: none"> • borið saman valin trúar- og lífsviðhorf. • nefnt dæmi um áhrif helgiritra helstu trúarbragða á menningu og samfélög (7.bekkur hindú og búddismi). • borið kennsl á trúarlegar vísanir og tjáningu í listum og bókmenntum. • gert sér grein fyrir margbreytileika fjölskyldna og margvíslegum hlutverkum innan þeirra. • lýst með dæmum hvernig samfélagsgerð tengist lífi einstaklinga. • sýnt fram á skilning á kostnaði eigin neyslu og sé læs á þau áhrif sem ýmis tilboð og auglýsingar hafa á eigin neyslu og á samfélagið. • séð gildi slysavarna og viðbragða við slysum í heimahúsum, nærsamfélagi og náttúrunni. 			
<p>Hugarheimur Sjálfsmynd: Hæfni nemanda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum.</p>	<ul style="list-style-type: none"> • lýst sjálfum sér og tekið dæmi um þætti sem hafa áhrif á sjálfsmynd hans, svo sem úr nærsamfélagi, umhverfi og menningu. 			

	<ul style="list-style-type: none"> • lýst með dæmum gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dygða og gildismats fyrir eigin sjálfsvitund. • gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum. • vegið og metið áhrif fyrirmynda og staðalmynda, hvernig vinna megi með þau á sjálfstæðan og uppbyggjandi hátt. • lýst margvíslegum tilfinningum og áttað sig á, áhrifum þeirra á hugsun og hegðun. • tileinkað sér heilbrigða og holla lífshætti. • metið jákvæð og neikvæð áhrif ýmissa áreita í umhverfinu á líf hans og tekið gagnrýna afstöðu til þeirra. • gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna og rætt þýðingu þess. • sett sér markmið og gert áætlanir við fjölbreytt viðfangsefni. 			
<p><i>Félagsheimur Samskipti: Hæfni nemanda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra</i></p>	<ul style="list-style-type: none"> • tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu. • borið kennsl á ólíkan bakgrunn fólks og virt frelsi þess til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta. • metið og brugðist við ólíkum skoðunum og upplýsingum á fordómalausan hátt. 			

	<ul style="list-style-type: none"> • rökrætt um ólík málefni af samfélagslegum og siðferðilegum toga. • tjáð þekkingu sína og viðhorf með fjölbreyttum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra. • nefnt dæmi um gildi jafnréttis og mannréttinda í samfélaginu og rætt áhrif staðalímynda. • sýnt sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra. • rætt um eigin athafnir og afleiðingar þeirra. • rætt reglur í samskiptum fólks og tekið þátt í að setja sameiginlegar leikreglur með öðrum. • tekið þátt í samfélagsmálum á ábyrgan hátt. • sýnt samferðafólki sínu tillitssemi og umhyggju. 			
<p><i>Umferðarfræðsla</i></p>	<p>Að nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Átti sig á því að hann er fyrirmynd í umferðinni hvað varðar umferð og umferðaröryggi. • læri umferðarmerki, viðvörðunarkerki, boðmerki, bannmerki og upplýsingar- og þjónustumerki. • Fáir fyrirlestur um umferðaröryggi og um létt bifhjól. 			

--	--	--	--	--

Skólanámskrá

Bekkur: 7. bekkur

Námsgrein: Náttúrugreinar

Ábyrgð



Virðing

Velliðan

Námsflokkur	Hæfniviðmið Að nemandi:	Kennslufyrirkomulag leiðir að viðmiðum	Námsefni	Námsmat
Geta til aðgerða og vinnubrögð og færni	<ul style="list-style-type: none"> rætt mikilvægi samvinnu í samstilltum aðgerðum sem varða eigið umhverfi. tekið afstöðu til málefna sem varða heimabyggð með því að veita og meta ólíka kosti. 			
Nýsköpun og hagnýting þekkingar Gildi og hlutverk vísinda og tækni	<ul style="list-style-type: none"> unnið undir leiðsögn í hópi eftir verkskiptri tímaáætlun við að hanna umhverfi, hlut eða kerfi. gert sér grein fyrir mikilvægi gagna og líkana við að útskýra hluti og fyrirbæri. lesið og skrifað um hugtök í náttúruvísindum. tengt þekkingu og beitingu vinnubragða í náttúrufræðinámi við lausn annarra verkefna og útskýrt hugsanleg áhrif nýjustu tækni og vísinda á vísindalega þekkingu. 	<p>Innlögn. Verkefnavinna. Hópavinna. Einstaklingsvinna. Vinna í kennslubókum. Skapandi starf. Samvinna. Gagnvirk vinna á vef. Vinna á spjaldtölvum. Áhugasviðsvinna. Útikennsla.</p>	<p>Ýmsar kennslubækur. Rafræn verkefni. Heimildir af veraldarvefnum. Ljósrit. Bækur af bókasafni. Dagblöð og tímarit.</p>	<p>Próf. Sjálfsmat. Símat. Foreldramat. Matskvarðinn sem notaður er, er í bókstöfum: A, B+, B, C+, C og D.</p>
Vinnubrögð og færni Ábyrgð á umhverfinu	<ul style="list-style-type: none"> framkvæmt og útskýrt einfaldar athuganir úti og inni. aflað sér upplýsinga um náttúruvísindi úr efni á öðru tungumáli en íslensku. kannað áreiðanleika heimilda með því að nota bækur, netið og aðrar upplýsingaveitur. sett fram og rætt niðurstöður athugana á skýran og skipulegan hátt. 			

	<ul style="list-style-type: none"> • hlustað á, metið og rætt hugmyndir annarra. • gert grein fyrir eigin lífssýn og skilningi á samspili náttúrunnar, mannsins og heilbrigði eigin líkama. • tekið þátt í að skoða, skilgreina og bæta eigið umhverfi og náttúru. 			
<p><i>Að búa á jörðinni</i></p> <p><i>Lífsskilyrði manna</i></p>	<ul style="list-style-type: none"> • útskýrt innbyrðis afstöðu sólar og jarðar og hvernig hreyfing þeirra tengist árstíða- og dægarskiptum og því að tíminn líður. • notað gervihnatta- og loftmyndir af yfirborði jarðar, til að lýsa heimabyggð, landinu í heild og völdum svæðum heimsins. • útskýrt tengsl heilbrigðis og þess sem borðað er. • lýst breytingum sem verða við kynþroskaaldur og gert sér grein fyrir mikilvægi gagnkvæmrar virðingar í samskiptum kynjanna. 			
<p><i>Náttúra Íslands</i></p>	<ul style="list-style-type: none"> • lýst samspili lífvera og lífvana þátta og tengt það hugmyndum manna um uppruna og þróun lífs á jörðu. • lýst ólíkum vistkerfum á heimaslóð eða við Ísland. • útskýrt hvernig aðlögun lífvera að umhverfinu gerir þær hæfari til að lifa af og fjölga sér. • lýst og útskýrt hvernig orka í íslensku umhverfi getur breytt um mynd. • útskýrt hvar og af hverju helstu náttúruhamfarir verða, sem búast má við á Íslandi og hvernig viðbrögð við þeim eru skiplögð. 			
<p><i>Heilbrigði umhverfisins</i></p> <p><i>Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu</i></p>	<ul style="list-style-type: none"> • gert grein fyrir notkun manna á auðlindum. • dregið ályktanir af tilgangi flokkunar úrgangs. • gert grein fyrir og nefnt dæmi um efnabreytingar og hamskipti. 			

Skólanámskrá

Bekkur: 7. bekkur

Námsgrein: Heimilisfræði

Ábyrgð



Virðing

Velliðan

Námsflokkur	Hæfniviðmið Að nemandi geti:	Kennslufyrirkomulag leiðir að viðmiðum	Námsefni	Námsmat
Menningarlæsi	<ul style="list-style-type: none"> útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd til afurðar. hagnýtt leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni. haft sjálfbærni að leiðarljósi í vinnu sinni. gert grein fyrir menningarlegu hlutverki list- og verkgreina. gert grein fyrir helstu hugtökum sem tengjast viðfangsefni hans. lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum. 	<p>Tímarnir eru verklegir ásamt því að vinna verkefni í vinnubók.</p> <p>Ýmsar mælingar eru teknar fyrir í sambandi við uppskriftir. Farið er yfir dagsetningar og umbúðamerkingar um leið og vörur eru notaðar.</p> <p>Nemendur og kennari tala saman um hollustu, lífshætti, afurðir, menningu, líðan og fleira sem tengist heimilishaldi almennt.</p>	<p>Gott og gagnlegt, nemendabók og vinnubók 3.</p> <p>Ýmsar uppskriftir úr heimilisfræðinámsbókum fyrri ára ásamt efni af neti.</p>	<p>Námsmat fer eftir frammistöðu í tímum, virkni, áhuga, umgengni, og vinnubrögðum.</p>

<p><i>Matur og lífshættir</i></p>	<ul style="list-style-type: none"> • tjáð sig um aðalatriði næringarfræðinnar. • gert sér grein fyrir helstu kostnaðarliðum við heimilishald og sé meðvitaður um neytendavernd. 			
<p><i>Matur og vinnubrögð</i></p>	<ul style="list-style-type: none"> • nýtt margvíslega miðla til að afla upplýsinga er varða matreiðslu, næringarfræði og meðferð matvæla. 			
<p><i>Matur og umhverfi</i></p>	<ul style="list-style-type: none"> • tengt viðfangsefni heimilisfræðinnar við jafnrétti og sjálfbærni og áttað sig á uppruna helstu matvæla. • skilið og rætt mismunandi umbúðarmerkingar, metið útlit og gæði matvæla og útskýrt hvernig á að geyma þau. 			
<p><i>Matur og menning</i></p>	<ul style="list-style-type: none"> • tjáð sig um ólíka siði og venjur, og þjóðlegar íslenskar hefðir í matargerð. 			

Skólanámskrá

Bekkur: 7.bekkur.

Námsgrein: Myndmennt

Kennt í lotum.

Ábyrgð



Virðing

Velliðan

Námsflokkur	Hæfniviðmið Að nemandi geti:	Kennslufyrirkomulag leiðir að viðmiðum	Námsefni	Námsmat
Menningarlæsi sjónlistir	<ul style="list-style-type: none"> • tileinkað sér fjarvídd og rýmishugsun. • unnið áfram með litافرæði. • þekkt ýmsar listastefnur 20. aldar svo sem popplist og abstrakt list. • unnið markvisst í hugmyndavinnu og skissugerð. • tileinkað sér góða umgengni við efni og áhöld. 	<p>Innlögn og kynning. Sýnikennsla. Jafningjafraeðsla. Fyrirlestur. Myndbönd. Umræður. Tilraunir. Uppgötvunarnám. Hugmyndavinna.</p>	<p>Þau námsgögn sem helst er stuðst við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru: Ýmsar myndlistarbækur og efni af netinu.</p>	

Skólanámskrá

Bekkur: 7. bekkur

Námsgrein: Tónmennt

Tónlist er leið til sköpunar og tjáningar. Í tónmennt fá nemendur að spila á ýmis hljóðfæri, skoða tónlistarapp og fá tækifæri til að tjá tilfinningar sínar og skoðanir í gegnum tónlist, með hlustun, söng og samspili.

Ábyrgð



Virðing

Velliðan

Námsflokkur	Hæfniviðmið Að nemandi geti:	Kennslufyrirkomulag leiðir að viðmiðum	Námsefni	Námsmat
Meningarlæsi	<ul style="list-style-type: none"> tekið tillit til annarra í hópavinnu og sýnt frumkvæði. lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum. 	Tónlist og hreyfing. Söngur. Hlustun. Sköpun. Hljóðfæravinna. Skrifleg verkefni. Tónlistarapp. Leikir.	Handbækur. Hljóðfærin í stofunni. Hlustunarefni. Verkefnablöð. Veraldarvefurinn. GarageBand	Frammistaða og virkni í tímum. Frumkvæði og samvinna. Verkefni vetrarins.
Tónlist	<ul style="list-style-type: none"> notað einföld tæki og forrit til að taka upp, skrásetja og setja saman eigið hljóð- eða tónverk. tekið þátt í samspili eða samsöng með öðrum og flutt og túlkað eigin verk eða annarra með viðeigandi hætti fyrir áheyrendur og skrásett það. greint og að einhverju marki metið og endurskoðað eigin sköpunarverk og skólasystkina sinna í tónlist af sanngirni. 			

Skólanámskrá

Bekkur: 7.

Námsgrein: Textílmennt

Ábyrgð



Virðing

Vellíðan

Námsflokkur	Hæfniviðmið Að nemandi geti:	Kennslufyrirkomulag leiðir að viðmiðum	Námsefni	Námsmat
Menningarlæsi	<ul style="list-style-type: none"> hagnýtt leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni. haft sjálfbærni að leiðarljósi í vinnu sinni. sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði. lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum. 	<p>Nemendur minntir á að ganga frá jöfnum höndum og flokka efnisafganga. Saumavélin, nemendur kynni sér nýja tækni í saumavélum og beri saman við fyrri tíma. Nemendur hanni og saumi einn nytjahlut fyrir heimili eða einstakling s.s. púðaver, tösku, svuntu, þvottapoka, annað. Nemendur sýni sjálfstæði í vinnubrögðum og hanni sitt eigið snið og skreytiaðferð.</p> <p>Skreytiaðferðir geta verið fjölbreyttar en nemendur sýni fram á minnst eina í ferlinu frá hugmynd að afurð.</p> <p>Tauprykk og batik kynnt.</p> <p>Endurnýting textíla, komið með bol að heiman og lita með batikaðferð.</p>	<p>Bækur, tímarit og fræðsla af interneti.</p> <p>Hugmyndir úr smiðju kennara.</p> <p>Ýmis áhöld og efni textílstofu.</p>	<p>Metið eftir hæfniviðmiðum í Mentor.</p> <p>Matskvarðinn sem notaður er, er í bókstöfum: A, B+, B, C+, C og D.</p>
Handverk, aðferðir og tækni	<ul style="list-style-type: none"> fjallað um efnisfræði og unnið úr fjölbreyttum textílefnum. unnið með einföld snið og uppskriftir. 			

<p>Sköpun, hönnun og útfærsla</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Geti þróað eigin hugmyndir í textílverk og unnið eftir ferli • nýtt helstu miðla til að afla upplýsinga um textíla og textílvinnu. 	<p>Kynni sér einn textíllistamann eða einn fatahönnuð. Kynni sér sögu gallaefna,-jeans.</p>		
<p>Menning og umhverfi</p>	<ul style="list-style-type: none"> • gert grein fyrir helstu eiginleikum náttúruafna og gerviefna. • sett textílvinnu og textílverk í samhengi við sögu, samfélag og listir. 			

Skólanámskrá

Bekkur: 7. bekkur

Námsgrein: Skólaíþróttir

Ábyrgð



Virðing

Velliðan

Námsflokkur	Hæfniviðmið Að nemandi geti:	Kennslufyrirkomulag leiðir að viðmiðum	Námsefni	Námsmat
<p>Líkamsvitund, leikni og afkastageta</p>	<ul style="list-style-type: none"> • skilið mikilvægi hreinlætis í tengslum við íþróttaiðkun. • sýnt leikni í mismunandi knatt- og skotleikjum. • gert flóknar samsettar æfingar sem reyna á samhæfingu og lipurð. • sýnt leikni í mismunandi íþóttagreinum. • tekið þátt í æfingum sem reyna á loftháð þol í íþróttum eins og að hlaupa ákveðinn hring um nærumhverfi skólans. • tekið þátt í stöðluðum prófum sem meta þrek og þol í íþróttum eins og 6 mínútna hlaup. • framkvæmt æfingar á þrekprófi sem reyna á styrk, snerpu og stöðugleika. 	<p>Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:</p> <p>Sýnikennsla, vettvangsferðir, endurtekningaræfingar, námsleikir, verkstæðiskennsla (stöðvaþjálfun), áfangaðþjálfun, stöðugt þjálfunarálag, spurnaraðferðir, þrautalausnir og þrautabrautir, hlutverkaleikir, hermileikir, leitaraðferðir, kannanir, hópvinnumbrögð, frásögn og sagnalist, sjónsköpun, hugarflug, leikræn tjáning, sviðsetning, söguaðferð.</p> <p>iPad og tengd tækni.</p>	<p>Þau námsgögn sem helst er stuðst við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:</p> <p>Áhöld í íþróttasal</p> <p>Minni áhöld: Boltar, gjarðir, sippubönd, snú-snú bönd, teygjur, léttar dýnur, liðabönd, vesti, mjúkir boltar, badminton flugur og spaðar, bandý boltar og kylfur, combi sett, keilur, skeiðklukkur, málband, spilastokkur, mottur.</p> <p>Stærri áhöld: Kistur, kubbar, hestar, kaðlar, slár, badminton uppistöður, blak uppistöður, mörk, körfur, bekkir, stærri</p>	<p>Útihlaup - 1,2 km. hringur í nærumhverfi skólans á tíma.</p> <p>6 mínútna hlaupapróf</p> <p>Þrekpróf - nemendur taka 6 mismunandi styrktaræfingar sem reyna á hámarksgetu og úthald í kyrrsöðu og hreyfingu.</p> <p>Vinnusemi - nemendur skilji mikilvægi góðrar ástundunar, góðrar framkomu, sjálfsaga, samvinnu og tillitsemi</p>

<p>Félagslegir þættir</p>	<ul style="list-style-type: none"> • iðkað íþróttir og leiki á skólalóð og í nærsamfélagi. • skilið einföld skipulagshugtök í skólaíþróttum og farið eftir leikreglum. • sýnt virðingu og góða framkomu hvort sem leikur vinnst eða tapast. • skilið mikilvægi þess að hafa leikreglur og fara eftir þeim. • skilið mikilvægi þess að fara eftir reglum og fyrirmælum kennara í íþróttum. 		<p>dýnur, stökkbretti, boltagrindur, boltanet. Áhöld í skóla og á skólalóð</p> <p>Minni áhöld: Boltar, sippubönd, snú-snú bönd, teygjur, mjúkir boltar, liðabönd, vesti, bandý kylfur.</p> <p>Stærri áhöld: Klifurbrautir, rólur, mörk, gervigrasvöllur, körfuspjöld, yfir veggur.</p>	<p>í tengslum við góðan árangur í íþróttum.</p> <p>Leikni - þekki misumandi tegundir leikreglna, farið eftir þeim, sýnt háttvísi í leik.</p>
<p>Öryggis- og skipulagsreglur</p>	<ul style="list-style-type: none"> • mætt í viðeigandi fatnaði í íþróttatíma. • farið eftir öryggis- og umgengisreglum í íþróttahúsum og fylgt fyrirmælum kennara og starfsmanna. 			

Skólanámskrá

Bekkur: 7. bekkur

Námsgrein: Skólasund

Ábyrgð



Virðing

Vellíðan

Námsflokkur	Hæfniviðmið Að nemandi geti:	Kennslufyrirkomulag leiðir að viðmiðum	Námsefni	Námsmat
Líkamsvitund, leikni og afkastageta	<ul style="list-style-type: none"> • skilið mikilvægi hreinlætis í tengslum við sundiðkun. • sýnt leikni og synt 50 m skólabaksund. • synt a.m.k. 8 metra kafsund. • synt 15 metra björgunarsund með jafningja • tekið þátt í æfingum sem reyna á loftháð þol í sundi og geti synt 300 m bringusund undir 10 mínútum. • tekið þátt í stöðluðum tímatökum í 50 m bringusundi. • tekið þátt í stöðluðum tímatökum í 25 m skriðsundi. • stungið sér af bakka 	<p>Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:</p> <p>Sýnikennsla, endurtekning, leikir, þolþjálfun, samvinna.</p>	<p>Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:</p> <p>Kútar, stór bretti, stungupallar, sundfit, flotholt af ýmsum gerðum, kafhringir, kafhlið, gjarðir, dýnur, boltar.</p>	<p>300 m bringusund, tímamörk</p> <p>50 m skólabaksund</p> <p>50m bringusund – tímataka</p> <p>25 m skriðsund – tímataka</p> <p>8 m kafsund, stílsund</p> <p>15 m björgunarsund með jafningja</p>

<p>Félagslegir þættir og samvinna</p>	<ul style="list-style-type: none"> • skilið mikilvægi þess að fara eftir reglum og fyrirmælum kennara í sundi. 			<p>Vinnusemi – nemendur skilji mikilvægi góðrar ástundunar, góðrar framkomu, sjálfsaga, samvinnu og vera virkur þátttakandi í sundtímum.</p>
<p>Öryggis- og skipulagsreglur</p>	<ul style="list-style-type: none"> • mætt í viðeigandi fatnaði í sundtíma. • fari eftir öryggis- og umgengnisreglum í sundlaugum og fylgi fyrirmælum kennara og starfsmanna. • bjargað jafningja á sundi stutta vegalengd. 			

Skólanámskrá

Bekkur: 7. bekkur

Námsgrein: Hönnun og smíði

Ábyrgð



Virðing

Velliðan

Námsflokkur	Hæfniviðmið Að nemandi geti:	Kennslufyrirkomulag leiðir að viðmiðum	Námsefni	Námsmat
<i>Handverk</i>	<ul style="list-style-type: none"> valið og notað á réttan hátt helstu verkfæri og mælitæki. útskýrt hugmyndir með einfaldri vinnuteikningu. 	Innlögn frá kennara í byrjun lotu. Farið yfir reglur í stofu, öryggi og umgengni. Stuttur innlagnir og eða sýnikennsla í byrjun hvers tíma. Þá tekur við einstaklings- eða hópavinna þar sem kennari gengur á milli og aðstoðar eftir þörfum.	Smíðastofan. Verkfæri í smíðastofu. Öryggisbúnaður og gögn frá kennara. Umræður út frá innlögn kennara.	Einstaklingsmiðað símat þar sem hver hlutur sem nemandi lýkur er metinn með sköpun, vinnusemi, þrautseigju, samstarf/sjálfstæði og hegðun að leiðarljósi.
<i>Hönnun og tækni</i>	<ul style="list-style-type: none"> framkvæmt einfaldar samsetningar. valið viðeigandi yfirborðsmeðferð. sýnt góða verkkunnáttu. 			
<i>Umhverfi</i>	<ul style="list-style-type: none"> þekkt réttar vinnustellingar. valið og notað viðeigandi öryggis- og hlífðarbúnað. valið efni með tilliti til umhverfissjónarmiða. gengið vel um sitt vinnuborð og gengið vel frá að verki loknu. 			

Skólanámskrá

Bekkur: 7. bekkur

Námsgrein: Upplýsinga- og tæknimennt

Ábyrgð



Virðing

Velliðan

Námsflokkur	Hæfniviðmið Að nemandi geti:	Kennslufyrirkomulag leiðir að viðmiðum	Námsefni	Námsmat
Vinnulag og vinnubrögð	<ul style="list-style-type: none"> nýtt upplýsingaver sér til gagns bæði í stýrðu námi og á eigin forsendum. beitt réttri fingrasetningu. 	<p>Áfram haldið að þjálfu Fingrafimi.</p> <p>Hægt að nýta spjöldin og eins fartölvur.</p> <p>Námsforrit á mms.is.</p> <p>Ýmis þjálfunar- og kennsluforrit/öpp, s.s. Osmó, flippaclipp, BookCrator, iMove og myndvinsluforrit.</p> <p>Vinna með fjölbreytt verkefni, upplýsinga og heimildaleit. Nýti sér bókasafn og veraldarvefinn.</p> <p>G-drive</p> <p>Docs</p> <p>Slides</p> <p>Sheets</p> <p>Classroom</p> <p>Myndvinnsluforrit.</p>	<p>Nám í upplýsinga- og tæknimennt er samþætt öðrum námsgreinum s.s. íslensku, stærðfræði, náttúrufræði, samfélagsfræði, ensku og myndmennt.</p>	<p>Námsmat tengist þeim námsgreinum sem unnið er með hverju sinni.</p>
Tækni og búnaður	<ul style="list-style-type: none"> nýtt hugbúnað/forrit við vefsmíðar. nýtt hugbúnað/forrit við gerð ritunarverkefna og framsetningu tölulegra gagna. 			
Sköpun og miðlun	<ul style="list-style-type: none"> nýtt hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á skapandi og skýran hátt. 			
Siðferði og öryggismál	<ul style="list-style-type: none"> farið eftir reglum um ábyrga netnotkun, er meðvitaður um siðferðislegt gildi þeirra og tekur ábyrgð á eigin samskiptum og gögnum á Neti- og netmiðlum. 			

Skólanámskrá

Bekkur: 7. bekkur

Námsgrein: Enska

Ábyrgð



Virðing

Vellíðan

Námsflokkur	Hæfniviðmið Að nemandi geti:	Kennslufyrirkomulag leiðir að viðmiðum	Námsefni	Námsmat
Hlustun	<ul style="list-style-type: none"> skilið talað mál um efni er varðar hann sjálfan, áhugamál hans og daglegt líf. skilið í meginatriðum samtöl og viðtöl um efni tengt daglegu lífi og efni sem tengist viðfangsefnum námsins og nýtt sér í ræðu og riti. hlustað eftir einstökum nákvæmum atriðum þegar þörf krefur, eins og t.d. tilkynningum og leiðbeiningum við kunnuglegar aðstæður og brugðist við með orðum eða athöfnum. 	Innlögn. Verkefnavinna. Hópavinna. Einstaklingsvinna. Vinna í kennslubókum. Skapandi starf. Samvinna. Gagnvirk vinna á vef. Vinna á spjaldtölvum. Áhugasviðsvinna. Útikennsla.	Ýmsar kennslubækur. Rafræn verkefni. Heimildir af veraldarvefnum. STEM-verkefni. Ljósrit. Bækur af bókasafni. Dagblöð og tímarit.	Próf. Sjálfsmat. Símat. Foreldramat. Matskvarðinn sem notaður er, er í bókstöfum: A, B+, B, C+, C og D.
Lesskilningur	<ul style="list-style-type: none"> fundið lykilupplýsingar í texta. lesið sér til gagns og gamans stuttar, auðlesnar bækur. fjallað um efni bóka og tímarita. 			

<p>Samskipti</p>	<ul style="list-style-type: none"> • sýnt fram á að hann er nokkuð vel samræðuhæfur um efni sem hann þekkir vel. • skilur og notar algengustu orðasambönd daglegs máls og viðeigandi kurteisisvenjur. • tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf. • Notað málið sem samskiptamiðil í kennslustundum. • Geta undirbúið, tekið og veitt viðtal. 			
<p>Frásögn</p>	<ul style="list-style-type: none"> • að nemandi geti tjáð sig um daglegt líf á skiljanlegu máli. • sagt hnökralítið frá efni sem hann þekkir vel. • flutt og undirbúið kynningu á tilbúnu eða frumsömdu efni. 			
<p>Ritun</p>	<ul style="list-style-type: none"> • skrifað samfelldan texta um efni sem hann þekkir. • beitt grunnreglum stafsetningu og málfræði. • skrifað texta af mismunandi gerðum. • lýst atburðarrás eða því sem hann hefur upplifað og notað orðaforða sem lýsir þróun, hraða, eftirvæntingu o.s.frv. • samið texta þar sem ímyndunaraflíð fær að njóta sín. 			

Menningarlæsi	<ul style="list-style-type: none"> • sýnt fram á að hann þekki til siða og hefða viðkomandi mál-og menningarsvæða og getur borið saman við eigin menningu. 			
Námshæfni	<ul style="list-style-type: none"> • beitt lykilnámsaðferðum til að auðvelda skilning og notkun á tungumálinu. • valið aðferðir sem hæfa viðfangsefninu, t.d. umorða ef hann vantar orð. • beitt sjálfsmati og tekið þátt í jafningjamati á raunsæjan hátt og veitt sanngjarna endurgjöf með stuðningi frá kennara. • tekið þátt í samvinnu um ýmis konar viðfangsefni og sýnt öðrum tillitssemi. • nýtt sér algengustu hjálpartæki, s.s. uppflettirit, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélar. 			

Skólanámskrá

Bekkur: 7. bekkur

Námsgrein: Danska

Ábyrgð



Virðing

Vellíðan

Námsflokkur	Hæfniviðmið Að nemandi geti:	Kennslufyrirkomulag leiðir að viðmiðum	Námsefni	Námsmat
Hlustun	<ul style="list-style-type: none"> skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum eða athöfnum. fylgt meginþræði í einföldum frásögnum um kunnuglegt efni með stuðningi, t.d. af myndum, hlutum eða líkamsmáli og notað sér upplýsingar í eigin verkefni. fylgst með einföldu efni í myndmiðlum og úr heimi dægurmenningar sem er kunnuglegt úr heimi barna og unglunga og greint frá því helsta. 	<p>Innlögn. Verkefnavinna. HópaVinna. Einstaklingsvinna. Vinna í kennslubókum. Skapandi starf. Samvinna. Gagnvirk vinna á vef. Vinna á spjaldtölvum. Áhugasviðsvinna. Útikennsla.</p>	<p>Ýmsar kennslubækur. Rafræn verkefni. Heimildir af veraldarvefnum. STEM-verkefni. Ljósrit. Bækur af bókasafni. Dagblöð og tímarit.</p>	<p>Próf. Sjálfsmat. Símat. Foreldramat.</p> <p>Matskvarðinn sem notaður er, er í bókstöfum: A, B+, B, C+, C og D.</p>
Lesskilningur	<ul style="list-style-type: none"> skilið megininntak í stuttum einföldum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla með stuðningi, t.d. af myndum. fundið upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu. 			

	<ul style="list-style-type: none"> • lesið sér til gagns og gamans stuttar, einfaldar bækur og fræðsluefni fyrir börn og unglinga. • rætt efni einfalds texta með stuðningi kennara eða skólasystkina. 			
Samskipti	<ul style="list-style-type: none"> • spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst. • skipst á upplýsingum og skoðunum við skólasystkini og kennara um efni tengt náminu. • tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar. 			
Frásögn	<ul style="list-style-type: none"> • sagt frá eða lýst sjálfum sér, vinum, fjölskyldu, áhugamálum og nánast umhverfi á einfaldan hátt. • endursagt og lýst atburðum eða reynslu á einfaldan hátt með stuðningi hluta, mynda, tónlistar o.s.frv. • flutt atriði, sagt stutta sögu eða lesið upp eigin texta sem hann hefur haft tækifæri til að æfa. 			
Ritun	<ul style="list-style-type: none"> • skrifað texta með orðforða úr efnisflokkum sem fengist er við með stuðningi frá mynd, hlut eða gátlista. • lýst í einföldu máli því sem næst honum er, fjölskyldu, áhugamálum, vinum og umhverfi. • skrifað einföld skilaboð, smáskilaboð og tölvupóst. 			

<p><i>Menningarlæsi</i></p>	<ul style="list-style-type: none"> • sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til ytri umgjarðar menningarsvæðisins, s.s. landfræðilegrar legu, staðhátta og þekktra staða. • sýnt fram á að hann þekkir til þátta sem einkenna barna- og unglingamenningu viðkomandi málsvæðis, s.s. söguhetja barnabóka, leikja, söngva og ævintýra. • sýnt fram á að hann áttar sig á að mörg algeng orð í erlenda tungumálinu eru lík og skyld öðrum sem hann þekkir. 			
<p><i>Námshæfni</i></p>	<ul style="list-style-type: none"> • beitt sjálfsmati sem tengist viðfangsefnum námsins með stuðningi kennara eftir því sem þörf krefur. • tengt ný viðfangsefni eigin reynslu og þekkingu. • tekið þátt í hóp- og tvenndarvinnu, hlustað á og tekið tillit til þess sem aðrir hafa að segja. • nýtt sér hjálpartæki, s.s. einfaldar orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélur. 			